**Tillaga til 499. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. október 2022**

Tillaga frá 1213. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 3. október 2022, um að bæjarstjórn samþykki tillögu sviðsstjóra um sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna þeirra lóða sem fram koma í minnisblaði sviðsstjóra, en sækja þarf þó sérstaklega um niðurfellingu til bæjarstjórnar í hverju tilfelli, með vísan til 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld, sbr. og 7. gr. samþykktar Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjöld.

## 5. Niðurfelling gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis - 2017050003

Á 1185. fundi bæjarráðs, þann 31. janúar 2022, var mál um niðurfellingu gatnagerðargjalda sett á dagskrá að beiðni bæjarfulltrúa Framsóknarflokks. Var jafnframt lagt fram til kynningar minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 28. janúar 2022, um málið.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að vinna málið áfram og leggja aftur fyrir fund bæjarráðs.

Á 1212. fundi bæjarráðs, þann 26. september 2022, var lögð fram beiðni um niðurfellingu gatnagerðargjalda af lóðinni Ártungu 3 á Ísafirði, auk þess sem lagt var lagt fram til kynningar minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 23. sept. 2022, vegna málsins.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að yfirfara þær lóðir í sveitarfélaginu sem gætu fallið undir sérstaka lækkunarheimild, og útfæra samþykkt vegna sérstakrar niðurfellingarheimildar og leggja fram til samþykktar.

Er nú lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, og Smára Karlssonar, verkefnastjóra, dags. 30. september 2022, þar sem lagt er til að bæjarstjórn samþykki sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna ákveðinna lóða í sveitarfélaginu.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu sviðsstjóra um sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna þeirra lóða sem fram koma í minnisblaði sviðsstjóra, en sækja þarf þó sérstaklega um niðurfellingu til bæjarstjórnar í hverju tilfelli, með vísan til 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld, sbr. og 7. gr. samþykktar Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjöld.*